

22. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 28. apríl 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson varaoddviti, Sigurður R. Kristinsson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Höskuldsdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 14.04.2011

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 20.04.2011

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags 12.04.2011

Lög fram til kynningar.

Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Sveitarstjóri fór yfir refa- og minkaveiði en eins og staðan er nú áætlað ríkið engar peninga í refaveiðar. Í sambandi við minkaveiðar er en verið talað um 50% endurgreiðslu frá ríkinu en ekki liggur fyrir hversu mikið fé verður sett í þann pott frá ríkinu. Mikil umræða fór um málið og landbúnaðarnefnd falið að vinna áfram í málinu og koma með tillögu. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóri fór yfir að búið væri að segja upp samningi við SJ bókhald og var það gert fyrir 1. apríl sl.

Sveitarstjóra var falið að ganga frá kaupum með þorablótsnefnd á 20 stólum.

Samhljóða samhljóða.

4. Bréf frá Lónshöfn ehf. dags. 14.04.2011

Í bréfinu leggja eigendur Lónshafnar ehf. fram tilboð til sveitarstjórnar um kaup sveitarfélagsins á húsnæði að Langanesvegi 2 tilboðið hljóðar upp á að sveitarfélagið yfirtaki áhvílandi skuldir sem eru upb.11-12 millj. og bæti við skuldlausri íbúð í eigu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að ganga að tilboðinu.

5. Bréf frá Guðmundi Vilhjálmsyni dags. 30.03.2011

Sveitarstjóri bendir á að bréfið sé ekki einungis frá Guðmundi heldur líka frá Brynhildi Halldórsdóttir og leiðréttist það hér með. Innihald bréfsins sem er í átta liðum snýr að aðalskipulagi Langanesbyggðar.

Sveitarstjóri fór yfir að aðalskipulagið væri nú til afgreiðslu hjá skipulagsstofnun og að öllum þeim athugasemdum sem bárust á auglýstum tíma hafi verið svarað.

Samt sem áður er sveitarstjóra falið að svara erindinu og leita álits viðeigandi aðila á þeim athugasemdum er þar koma fram. Reimar sat hjá.

Fundargerðin upplestin og samþykkt, fundi slitið kl. 21:55.